

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

12. tbl. • Desember 2001

Samtök iðnaðarins óska lesendum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



Íslenskar mjólkurafurðir sópa til sín verðlaunum 64 gull-, silfur- og bronsverðlaun auk tvenna heiðursverðlauna á sýningu í Danmörku

Íslenskir ostar og ferskar mjólkurvörur hlutu frábærar viðtökur á stórrí vörusýningu sem haldin var í lok október í Herning í Danmörku. Íslenskir og danskir dómarmar mátu gæði um 200 sýnishorna af íslenskum mjólkurvörum, þeim sömu og sýndar voru á Osta-

dögum sem Osta- og smjöröalan stóð fyrir nýlega í Perlunni.

Íslensku tegundirnar unnu alls til 64 verðlauna á sýningunni, auk þess sem tvær þeirra hlutu sérstök heiðursverðlaun, sveppaostur frá Osta- og smjöröslunni og

jógúrt með melónum sem framleidd er í Mjólkurbúi Flóamanna á Selfossi.

Í flokki osta fengu íslenskar tegundir samtals 24 verðlaun; sjö gull-, átta silfur- og níu bronsverðlaun. Í flokki ferskra mjólkurvara unnu þær íslensku til 40

frambald á bls.6

Betri reglur eru ekki nóg

Flestir eru sammála um það að skýrari reglur um framkvæmd útboða sem settar voru í tengslum við aðild okkar Íslendinga að EES - samningnum hafi verið mikið framfaraspör. Síðan hafa þær verið festar í sessi og endurskoðaðar, nú síðast á þessu ári. Auðveldlega má enn benda á galla á þessum reglum eins og þann að útboðsskylda nær ekki til sveitarfélaga nema í allra stærstu verkum. Tilkoma ramma-samninga er heldur ekki fagnaðarefni þar sem bjóðandi veit ekki hvort hann fær nokkur viðskipti þó að við hann sé samið. En burtséð frá slíkum atriðum eru reglurnar í heild skýrari og betri en þær voru og fjármálaráðuneytið hefur þar unnið gott verk.

VANTAR HEILBRIGÐRA SKYNSEMI

Engar reglur verða svo góðar að þær geti komið í stað heilbrigðrar skynsemi. Engar reglur verða svo góðar að þær tryggja sanngjarna málsmeðferð og jafnræði milli verkkaupa og verktaka. Tæmandi reglur um val á verktaka verða seint settar.

Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart að þegar samdráttar gætir eftir mikið þensluskeið í verklegum framkvæmdum þá harðnar slagurinn á útboðsmarkaðinum. Það höfum við séð áður. Hitt kemur á

óvart og veldur miklum vonbrigðum hversu afsþyrnu léleg vinnubrögð eru við undirbúning og útboð verka. Þrátt fyrir ítarlegri og betri reglur virðist lítið eða ekkert miða í þeim efnum.

VERKLOK ÞAÐ EINA SEM STENST

Oftar en ekki virðist í upphafi vera ákveðið hvenær verkinu á að vera lokið og sú tímasetning virðist gjarna vera sú eina sem ekki breytist eftir að ákveðið er að ráðast í verkefnið. Það er auðvitað skiljanlegt á uppgangstímum og að teknu tilliti til hárra vaxta að



reynt sé að flýta verkum en afar algengt er að flýtininn er orðinn slíkur að mönnum og tekjum er hrúgað á vinnustað þannig að úr verður hálfgerð öngþveiti. Þegar svo er komið er minni vaxtakostnaður á framkvæmdatíma fokin út í veður og vind og því meira sem verktímanum er þjappað saman eftir það þeim mun meira eykst kostnaðurinn. Spurningin er bara: Hver ber þann kostnað?

EKKI „EÐLISFRÆÐILEGA FRAMKVÆMANLEGT“

Forsvarsmáður eins verktakafyrirtækis orðar þetta svona: „Það er mín skoðun að framkvæmd útboða hafi verið að versna síðastliðin ár. Það virðist enginn munur gerður á því hvort verk eru stór eða lítil. Tilboðstími og verktími er ítrekað settur allt of stuttur. Mörg dæmi eru um að verk eru ekki eðlisfræðilega framkvæmanleg á þeim tíma sem krafist er.“ Þetta segir maður sem vinnur á þessum markaði og nauðáþekkir hann.

HVAÐ ER AÐ?

En hvað er það sem verktakarnir kvarta yfir? Því miður er listinn langur en það helsta er þetta:

1. Hönnun er ekki lokið þegar verkið hefst.

Algengt er að verktakar fái hverja teikninguna eftir aðra meðan þeir eru að vinna verkið. Nýlegt dæmi er um 5 mismunandi útgáfur af jarðvinnu-

teikningum og framhaldið er í samræmi við þetta. Oft má ekki á milli sjá hvorir eru á undan þeir sem smíða eða hinir sem teikna.

2. *Tilboðsfrestir eru allt of stuttir í stórum og flóknum verkum.* Fjöldi undirverktaka og birgja innan lands og utan þurfa að reikna út verð og gera tilboð í stórum og flóknum verkefnum. Ekkert tillit er tekið til þessa við tímasetningar.
3. *Verktíminn í heild er frá upphafi ákveðinn af skammur.* Allar tafir vegna hönnunar, undirbúnings og útboða stytta verktímann stundum svo mjög að verkið er ekki lengur eðlisfræðilega framkvæmanlegt á þeim tíma sem veittur er.
4. *Lítill sem enginn undirbúningstími fyrir verktaka* sem er nánast ætlað að byrja vinnu við verkið með fullum afköstum um leið og verkkaupi hefur gert upp hug sinn um að semja við hann.
5. *Allri ábyrgð veit yfir á verktaka.* Þeim er ætlað axla ábyrgð á því hver verðlagsþróunin verður tvö til þrjú ár fram í tímann með óverðtrygðum verk-samningum þegar mikil óvissa ríkir um þróunina næstu tvo til þrjú mánuði. Verktökum er ætlað að skipuleggja og samræma vinnu þegar tímapressan setur alla framkvæmdina í uppnám þannig að hver þvælist fyrir öðrum. Algengt er að í útboðsgögnum séu settir sérskilmálar við ÍST 30 sem eru almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir. Frávik frá þessum viðteknu leikreglum eru undan-tekningalaust einhliða til hagsbóta fyrir verkkaupa en á kostnað verktaka.

ÞESSU VERÐUR AÐ BREYTA!

Þetta er ekki fögur lýsing en því miður allt of algengt að svona sé staðið að verki. Það er augljóst að í svona vinnubrögðum felst mikil sóun og upp koma stöðug átök um það hver eigi að bera kostnaðinn af þeirri sóun. Verktakar og verkkaupar ættu að taka höndum saman um að breyta þessu. Það væri verðugt verkefni að takast á við á nýju ári.

Sveinn Hannesson



**SAMTÖK
IÐNAÐARINS**
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
12. töl. Desember 2001
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 17.12. 2001
Prentvinnsla: Prentakni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.
Ljósmyndir: Forsíðumynd Odd Stefán, á bls. ...
Jóhannes Long - aðrar myndir ýmsir.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Óbærileg vaxta- byrði

Stýrivextir eru grunnvextir banka-kerfisins - þau lánskjör sem seðlabankar bjóða innlánstofnunum til skamms tíma. Stýrivextir hafa mikil áhrif á útlánsvexti innlánstofnana og eftirspurn eftir fjármagni í hagkerfinu og þar af leiðandi hagvöxt. Þar sem verðbólga á láns tíma étur upp vextina eru raunveruleg vaxtakjör - metin út frá væntingum um verðbólgu á láns tímum.

Síðustu tvo áratugi hafa raunvextir í iðnríkjunum verið að meðaltali um 2,5% sem fer nærri meðaltali hagvaxtar þeirra. Raunvextir hafa sveiflast á bilinu 1 til 4% en slík frávik hafa venjulega verið skammvinn. Hér á eftir er þróun raunvaxta á Íslandi borin saman við þróunina í Bandaríkjunum og á evru-svæðinu.

Eins og meðfylgjandi mynd sýnir voru raunvextir í Bandaríkjunum á bilinu 2,5 og 3,5% árið 2000. Frá árslokum 2000 hafa þeir hins vegar lækkað mjög ört og eru nú orðnir neikvæðir. Stefna Seðlabanka Bandaríkjanna tekur að öllu jöfnu mið af verðbólgu og hagvexti. Á umliðnu ári hafa hagvaxtarhorfur versnað mikið en verðbólgan um leið hjaðnað vegna vaxandi framleiðslulaka. Því hafa stýrivextir verið lækkaðir úr 6,5 í 1,75% á einu ári. Þetta er óvenju mikil lækkun í sögulegu samhengi og endurspeglar ástandið þar ytra. Árið 2000 voru raunvextir á evru-svæðinu á bilinu 1,5 og 2,5% enda var hagvöxtur þar


ekki mikill og verðbólgan ekki áhyggjuefni. Vegna ört versnandi efnahagshorfa í ár hefur Evrópski Seðlabankinn lækkað vexti úr 4,75 í 3,25% og raunvextir er nú undir einu prósentu.

Á Íslandi hafa þessir raunvextir um langt skeið verið á bilinu 5 til 6% sem er mjög hátt í sögulegu og alþjóðlegu samhengi. Fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni, sem borga verulegt álag ofan á grunnvextina, geta ekki dafnað í slíku umhverfi til langframa. Þetta háa vaxtastig skýrist að nokkru leyti af því að Seðlabankinn hélt of lengi í fastgengisstefnu á meðan hagkerfið ofhitnaði. Þá voru vextir hækkaðir til að hamla á móti innlendum lántökum en vegna ört vaxandi kaupmáttar óx eftirspurn eftir lánsfé samt hratt. Þá tóku fyrirtæki og heimili erlend lán sem yfirvöld höfðu svo gott sem gengistryggt og efnahagslífið gekk úr skorðum. Þegar stjórnvöld veittu Seðlabankanum sjálfstæði í mars 2001 hafði hann loks forsendur fyrir því að taka upp nýja stefnu í peningamálum: Verðbólgu markmið og flotgengisstefnu. Við þá breytingu var gengisáhættan „einkavædd“ og eftirspurn eftir erlendu

lánsfé hriðfellt. Með flotgengi urðu innlendu vextirnir allsráðandi á lánamarkaðnum. Vegna hins háa vaxtastigs hefur dregið hratt úr útlánnum og eftirspurn í hagkerfinu. Í ár hefur Seðlabankinn lækkað stýrivexti úr 11,4 í 10,1% og raunvextir eru nú um 4,5% sem þýðir að fjármagn er enn mjög dýrt. Þótt gengisfall krónunnar hafi skapað verðbólgu kúf mun hann brátt hjaðna vegna framleiðslulaka sem myndast í samdrætti. Verðbólgu væntingar fara því ört minnkandi. Að auki hafa aðilar vinnumarkaðarins stórlega dregið úr verðbólguóvissu með samkomulagi um að fresta endurskoðun launaliðar samninganna fram á vor. Því er ekki lengur forsenda fyrir svo háu vaxtastigi.

Í alþjóðlegu, sögulegu og efnahagslegu samhengi er ljóst að vextir á Íslandi eru óbærilega háir. Því er brýnt að Seðlabankinn lækki stýrivexti hratt og örugglega á komandi mánuðum. Slíkt yki bjartsýni, styrkti gengi krónunnar og fyrirbyggði efnahagskreppu.

Dorsteinn Þorgeirsson



Iðnþing SI 2002

Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið 15. mars nk. í Versölum, Hallveigarstíg 1. Dagskrá

Iðnþings verður birt í febrúarblaði Íslensks iðnaðar og á vefsetri Samtakanna www.si.is

Árshóf Samtakanna verður einnig haldið í Versölum að kveldi

sama dags og hefst kl. 19.00

Mikil vakning fyrir gæðastjórnun

Í framhaldi af auknum, markvissari og sýnilegri kröfum um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir hafa bæði smáir og stórir verktakar gert átak í að skipuleggja og skilgreina vinnubrögð stjórnenda og starfsmanna sinna.

Kröfurnar felast í að aðal – og undirverktakar gera og leggja fram áætlun um gæðatryggingu fyrir þeim hluta verksins sem þeir taka ábyrgð á.

Gæðatryggingin felur í sér að viðkomandi verktaki lýsir því hvernig hann hyggst standa að verki og meðhöndla hönnunar-gögn og aðrar upplýsingar sem það varða. Hann þarf einnig að koma með tillögur



um hvernig hann háttar eftirliti með því að starfsmenn hans vinni samkvæmt verk lýsingum og teikningum.

Ef verkkaupi telur að loforð verktaka um

gott verklag sé ekki trúverðugt gerir hann at-hugasemd strax í upphafi og þeir semja sín á milli um nýtt ásætlanlegt verklag.

Áætlun um gæðatryggingu felur einnig í sér ákveðnari og markvissari samskipti verktaka og eftirlitsmanna en áður var en þeir síðarnefndu hafa á verk tímanum aðgang að þeim gögnum sem verktaki leggur fram eða myndast við framkvæmdina.

Samtök iðnaðarins eiga í viðræðum við nokkra af stærstu verkkaupum landsins með það að markmiði að þeir samræmi sem mest sín á milli þær kröfur sem gerðar verða um gæðatryggingu í útboðum þeirra í framtíðinni.

SI telja að samræmdar kröfur efla skilning og auðveldi vinnubrögð allra þeirra sem að málinu koma en með því aukist líkurnar á að hratt og vel takist að gera gæðastjórnun að sjálfsögðu verkfæri við

verklegar framkvæmdir hér á landi.

Í framhaldi af viðræðum við verkkaupa munu SI standa fyrir námskeiðum á næstu misserum til að þjálfa, samræma og festa í sessi þau markvissu vinnubrögð gæðastjórnunar sem verkkaupar verða ásáttir um.

Á vegum SI hafa fyrirtækjum í flestum greinum byggingariðnaðar staðið til boða forsniðin drög að gæðakerfi ásamt nauðsynlegri aðstoð við að koma á og nýta sér slíkt kerfi. Þessi drög hafa auðveldað ýmsum að öðlast yfirsýn yfir og ná tökum á eigin rekstri sem aftur hefur leitt til hagkvæmari reksturs og betri afkomu viðkomandi fyrirtækis.

Ástæða er til að hvetja fyrirtæki innan SI til að nýta sér þessa aðstoð sem er sniðin að þörfum hvers fyrirtækis eða hóps fyrirtækja í samræmi við óskir þátttakenda hverju sinni. Auk nauðsynlegra gagna er aðstoðin fólgin í námskeiðum, ráðgjöf, kynningum og öðru sem ætla má að komi að gagni hverju sinni. Þeir, sem þess óska, geta einnig fengið aðstoð og leiðbeiningar með tölvupósti.

Ferdinand Hansen
ferdinand@si.is

Prentsmiðjurnar Grafík og Steindórsprent-Gutenberg sameinast



G R A F Í K



Gutenberg
Eins og stafur á bók

Ákvörðun hefur verið tekin um að prentsmiðjurnar Grafík hf. og Steindórsprent-Gutenberg ehf., sem báðar eru í eigu prentsmiðjunnar Odda hf., sameinist um næstu áramót. Starfsemi hins nýja fyrirtækis verður rekin í núverandi húsnæði Steindórsprents-Gutenberg í Síðumúla og er stefnt að því að flutningum og endurskipulagningu starfseminnar verði að fullu lokið á fyrsta fjórðungi næsta árs.

Á fundum, sem haldnir voru með starfsfólki beggja fyrirtækjanna var tilkynnt um fyrirhugaðan samruna og aðgerðir til hag-

ræðingar að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá fyrirtækjunum. Þar kom fram að gert er ráð fyrir að starfsfólki verði fækkað um 15-20% en allt kapp lagt á að aðstoða hlutaðeigandi við að komast í aðra vinnu.

Í tilkynningunni segir enn fremur að með sameiningunni sé grunnur lagður að auknum fjárhagslegum og faglegum styrk. Íslenskur prentiðnaður búi við öflugna samkeppni erlendis frá og óhjákvæmilegt sé að styrkja rekstrareiningar hans eins og frekast sé unnt. Um leið sé brugðist við tals-

verðum samdrætti í prentiðnaðinum með verulegri hagræðingu.

Framkvæmdastjóri prentsmiðjunnar, sem kölluð verður Grafík-Gutenberg, verður Sverrir D. Hauksson, núverandi framkvæmdastjóri Grafíkur. Guðmundur Kristjánsson núverandi framkvæmdastjóri Steindórsprents-Gutenberg verður aðstoðarframkvæmdastjóri. Fjármálastjóri verður Sigurður Thorarensen og framleiðslustjóri Jón Hermannsson.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir D. Hauksson í síma 545 4400 eða 696 5950

Haraldur Dean Nelson

Nýjar reglugerðir um framkvæmdir ríkisins

Í haust komu út þrjár nýjar reglugerðir sem ætlað er að taka til allra framkvæmda ríkisins sem kostaðar eru að hluta eða öllu af fjárlögum (styrkir undanþegnir) ef hlutdeild ríkissjóðs er áætluð 5 milljónir króna eða meira. Allar framkvæmdir, þar með talin endurbygging, aðrar en reglubundið viðhald, falla undir reglugerðirnar.

Opinberum framkvæmdum er skipt í fjóra áfanga: frumathugun, áætlunargerð, verklega framkvæmd og skilamat. Frumathugun nær m.a. til þarfagreiningar en áætlunargerð spannar fullnaðarhönnun og áætlun um stofn- og rekstrarkostnað til 5 ára.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir fer yfir og veitir umsagnir um frumatshuganir og áætlunargerð. Nefndin er skipuð þremur mönnum: formanni fjárlaganefndar Alþingis, forstjóra Framkvæmdasýslu ríkisins og ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins. Hlutadeigandi ráðuneyti á einnig seturétt í nefndinni þegar verið er að fjalla um málefni þess. Einnig eiga sveitarfélög seturétt þegar fjallað er um samstarfsverkefni ríkis og viðkomandi sveitarfélags.

Ekki er heimilt að hefja áætlunargerð fyrr en að frumathugun lokinni og ekki má hefja verklega framkvæmd fyrr en að lokinni áætlunargerð.

Ákvæði um skilamat hefur lengi verið í lögum um skipan opinberra framkvæmda án þess að því hafi verið sinnt. Nú skal það gert í lok hverrar framkvæmdar og er það vel.

ALMENNT UM REGLUGERÐIRNAR

Fjórþætt áfangaskipting, skilamat og samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hefur verið til í eldri lögum, án þess að hafa tilskilda virkni. Með reglugerðinni er samstarfsnefndinni veitt ákvednara verksvið og völd þar eð ekki má hefja áætlunargerð nema frumathugun hafi farið fram og fengið umfjöllun í nefndinni. Sama gildir um framkvæmd. Hún má ekki

hefst fyrr en áætlunargerð hefur verið afgreidd. Skipan nefndarinnar á að tryggja að ekki verði ráðist í framkvæmdir nema gert sé ráð fyrir framkvæmdafé í fjárlögum og undirbúningur sé fullnægjandi.

Ennfremur er skert á hlutverki Framkvæmdasýslu ríkisins á verk tímanum. Hún skal semja um hverja framkvæmd við hlutadeigandi stofnun þar sem samskipti og skyldur eru skilgreindar. Skipulagið er að sönnu mjög miðstýrt en í ljósi nýliðinna



atburða er ekki vanþörf á miðstýringu á sviði opinberra framkvæmda. Tilgangur og markmið eru öldungis ágæt: Skýr áfangaskipting, fagleg málsmeðferð, samræmd vinnubrögð, hagkvæmni og opinberum fjármunum ráðstafað í samræmi við heimildir.

Árni Jóhannsson

Öryggisstefna fyrir rafræna stjórnsýslu

Nefnd, sem fjármálaráðherra skipaði í ársbyrjun til að gera tillögur að dreifilyklaskipulagi (Public Key Infrastructure) fyrir íslenska ríkið, hefur nýlega skilað hugmyndum sínum að framkvæmd þess. Dreifilyklaskipulag skilgreinir hvernig nota beri rafrænar undirskriftir og dulritun byggða á notkun stafræna öryggislykla.

Ein helsta forsenda fyrir útbreiðslu rafrænnar stjórnsýslu er að rafræn málsmeðferð njóti sama trausts og hin hefðbundna. Öryggi, trúnaður og festa við meðferð mála verða að vera sambærileg óháð því hvaða aðferð er notuð. Rafrænar undirskriftir byggðar á dreifilyklaskipulagi munu verða þýðingarmikill þáttur í því að byggja upp slíkt traust. Með lögum um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001 og væntanlegri endurskoðun stjórnsýslulaga er lagður grundvöllur að rafrænum stjórnsýsluháttum samhliða hinum hefðbundnum.

Nefndin leggur til að fyrirkomulag þessara mála hér á landi verði með svipuðum hætti og í grannlöndum okkar, Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Stefnt verði að viðtækri notkun rafræna skilríkja á grund-

velli markaðslausna og form skilríkja staðlað. Settar verði fram reglur um meðferð skilríkja, form rafrænna vottorða og annað fyrirkomulag með það fyrir augum að menn geti notað skilríkin í samskiptum sínum við ríkið hvar sem þau eru gefin út að því gefnu að reglunum sé fylgt. Nefndin telur brýnt að hefjast handa sem fyrst við að semja slíkar reglur.

Í aðgerðaáætlun til tveggja ára leggur nefndin til að opinberum stofnunum, sem þurfa að eiga viðtæk samskipti við almenn- ing og atvinnulíf, verði gert kleift að afla sér búnaðar til rafrænna undirskrifta og að kannaðir verði möguleikar á samstarfi, til dæmis við viðskiptabankana og ýmis félagssamtök, um samnýtingu skilríkja. Þá bendir nefndin á nauðsyn viðtækrar upplýsinga- og fræðsluþjónustu fyrir stofnanir. Hún leggur einnig áherslu á að ábyrgðinni á framkvæmd dreifilyklaskipulags ríkisins verði fundinn fastur samastaður í kerfinu sem fyrst svo að ljóst sé hvar hún liggur.

Skýrslu nefndarinnar má finna á vefsetri fjármálaráðuneytisins.

Guðmundur Ásmundsson

Skattar og skipulag

Samtök iðnaðarins héldu fjölmennan fund með ráðgjafaráði, formönnum og stjórnnum allra aðildarféлага sinna fimmtudaginn 15. nóvember sl. og var fundarefnið þrjúþætt.

Fyrst ræddi Árni Harðarson hdl. frá Deloitte og Touche hf. um frumvarp ríkisstjórnarinnar til breytinga á skattalögum. Árni fór mjög ítarlega yfir væntanleg áhrif á rekstur fyrirtækja og setti fram dæmi máli sínu til skýringar. Ljóst er að ekki er allt sem sýnist í þessum efnum þar sem gert er ráð fyrir að breyta fjölmörgum atriðum öðrum en skatthlutföllum sem í mörgum tilvikum veða upp skattalækkunina.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri í Reykjavík, gerði grein fyrir skipulagsmálum á höfuðborgarsvæðinu en samvinnunefnd átta sveitarfélaga hefur lagt fram tillögur að svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið. Skipulagið tekur til landnotkunar, samgöngu- og þjónustukerfa, umhverfismála og þróunar byggðar. Það er ljóst að skipulag höfuðborgarsvæðisins skiptir miklu máli fyrir þróun og uppbyggingu atvinnustarfsemi, ekki síst iðnaðar. Það er mikilvægt að atvinnulífið kynni sér vel þessar tillögur því að nú er tækifæri til þess að hafa áhrif til breytinga.

Að loknum fyrirspurnum og umræðum var boðið til kvöldverðar þar sem efni fundarins og málefni Samtaka iðnaðarins voru skeggrædd.

Til fundarins komu tæplega 100 manns, heldur fleiri en á hliðstæðum fundi sl. vor. Greinilegt er að þetta fyrirkomulag er mjög gott til þess að efla samskipti og samkennd allra þeirra fjölmörgu karla og kvenna og



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri Reykjavíkur



Árni Harðarson, hdl. frá Deloitte og Touche hf.

mismunandi greina iðnaðarins sem gera Samtök iðnaðarins að sterkum málsvara alls iðnaðarins. Stefnt er að því að halda

framvegis a.m.k. tvo slíka fundi á hverju ári.

Jón Steindór Valdimarsson



si.is

Vefsetur íslensks iðnaðar
og Samtaka iðnaðarins

Eini vefur sinnar tegundar á Íslandi



Veldu þér framtíð

Hverjir borga skatta og hvar búa þeir?

Í umræðu manna á milli um íslenskt atvinnulíf er algengt að gripið sé til alls konar mælikvarða til að meta umfang einstakra atvinnugreina og mikilvægi þeirra fyrir þjóðarhag. Hér má nefna hlutfall af landsframleiðslu, fjölda starfa, hlutfall af verðmæti vöruútflutnings og hlutfall af gjaldteyris-tekjum.

Einn er sá mælikvarði sem sjaldan eða aldrei er notaður en það eru skattgreiðslur fyrirtækja (lögaðila) í einstökum greinum. Samtökum iðnaðarins lék forvitni á að


skoða þetta en þar sem upplýsingar um skattgreiðslur liggja ekki fyrir sundurliðaðar eftir atvinnugreinum fengu þau sérstaka útkeyrslu úr skattagögnum hjá embætti ríkisskattstjóra um skiptingu opinberra gjalda ársins 2001 eftir ÍSAT-númerum.

Til hægðarauka voru ÍSAT-númerin (atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar) flokkuð saman í sex flokka: landbúnað, fiskveiðar, fiskvinnsla, iðnað, verslun og þjónusta og loks annað. Flokkurinn annað hefur fyrst og fremst að geyma starfsemi hins opinbera. Rétt er að hafa í huga að

rekstur ÁTVR fellur undir verslun og þjónustu og sömuleiðis starfsemi banka-anna.


Samkvæmt skilgreiningu RSK eru opinber gjöld tekjuskattur, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, tryggingagjald, iðnaðarmálagjald og búnaðargjald. Hafa ber í huga að mun fleiri gjöld eru lögð á fyrirtæki. Það er býsna margt fróðlegt sem kemur í ljós þegar þessar tölur eru skoðaðar og kemur þar sumt nokkuð á óvart.

Jón Steindór Valdimarsson




Opinber gjöld 2001

Það er greinilegt að verslun, þjónusta og iðnaður bera hitann og þungann af skattgreiðslum lögaðila. Verslun og þjónusta greiðir um 40% opinberra gjalda lögaðila en iðnaðurinn greiðir um 24%, útgerðin um 4,5% og fiskvinnslan tæp 4%. Samtals greiðir sjávarútvegurinn (veiðar og vinnsla) því um 2,5 milljarða króna í opinber gjöld skv. álagningunni 2001 en iðnaðurinn 7,1 milljarð og verslun og þjónusta um 12 milljarða.




Tryggingagjald 2001

Hið opinbera er líka fyrirferðarmikið en það er fyrst og fremst vegna tryggingagjalds af starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt þessu er skattbyrði atvinnulífsins mjög misskipt milli greina og væri forvitnilegt að velta fyrir sér ástæðum þess en ljóst er að sömu skattareglur gilda fyrir öll fyrirtæki í landinu.




Tekjuskattar 2001

Tekjuskatturinn er góður mælikvarði á arðsemi fyrirtækja. Samkvæmt þessum tölum eru landbúnaður, útgerð og fiskvinnsla samanlagt með skattskyldan hagnað sem eru um 21% af því sem iðnaðurinn skilar.



Eignarskattar 2001

Skipting eignarskatts er líka athyglisverð. Samkvæmt tölum RSK greiða fyrirtæki í útgerð og fiskvinnslu samtals 146 milljónir króna í eignarskatt. Til samanburðar greiðir iðnaðurinn 722 milljónir og verslun og þjónusta tæpan 1,4 milljarð.




Skattaumdæmin

Af opinberum gjöldum á lögaðila falla 63% til í Reykjavík og ef Reykjanes er tekið með, sem með nokkurri einföldun má segja að sé höfuðborgarsvæðið, falla þar til um 80% skatta lögaðila í landinu. Á þessu sama svæði búa um það bil 67% landsmanna.

Íslenskt gæða- eftirlitskerfi fyrir álver

Íslenska fyrirtækið ALTECH JHM hf. hefur hafið sölu á heildargæðaeftirlitskerfi fyrir álver sem byggist á því að merkja öll kolaskaut og skautgaffla með svo kölluðum „holukóða“ eða DotCode.

Þannig er hægt að rekja feril rafskauta frá kerum í kerskála gegnum skautsmiðju til framleiðslu á kolaskautum og að hráefnum þeirra, sjá meðfylgjandi yfirlitsmynd. Kerfi þetta byggir á myndgreiningu



á skautum og skautgöfllum til að kanna gæði þeirra, viðnámsmælingu yfir tvímelmi skautgaffla, vigtun á skautum og skautleyfum, o.s.frv. Hægt er að geyma sögu

hvers skauts og skautgaffals til frekari úrvinnslu og vísindalegra rannsókna til að bæta rekstur álveranna. Kerfið minnkar verulega líkur á að gölluð skaut séu flutt frá skautsmiðju til kerskála með því valdi rekstrartruflunum í kerum með tilheyrandi mengun. Enska nafn kerfisins er AL-TRACK "Anode and Rod Tracking and Quality Control System". Kerfið er í einingum þannig að álver geta byrjað með nokkrar einingar „gæslustöðvar“ og síðan bætt við fleirum. Samstarfsaðilar ALTECH í þróun þessa kerfis eru íslensku fyrirtækin Skyn ehf. í Mosfellsbæ, sem hefur sérhæft sig í tölvumyndgreiningu og DMM Softa hf. í Keflavík sem framleiðir tölvuvædd viðhaldskerfi. Þá hafa rússnesk og hollensk fyrirtæki tekið þátt í þróunarvinnunni og munu framleiða sérhæfðan búnað í kerfið. ALTECH hefur fengið styrk frá RANNÍS til að vinna að þessari þróunarvinnu undanfarin tvö ár. HYDRO Aluminium hefur nýlega fest kaup á einu ALTRACK kerfi fyrir álver sitt í Sunndal og ALOUETTE álverið í Kanda hefur sett upp kerfi til að myndgreina á tindum skautgaffla. ALTECH á í viðræðum við ein tuttugu álver um uppsetningu á þessu gæðaeftirlitskerfi sem kostar um 100 milljónir hvert. ALTECH hefur einbeitt sér að þróun tækja til álvera sem hafa verulega sjáfvirkni, auka afköst og draga úr mengun. ALTECH hefur þróað 30 mismunandi tæki og kerfi og sett upp í 16 álverum í öllum fimm heimsálfunum.

Jón Hjaltalín Magnússon

Prentstaður íslenskra bóka

Harðnandi samkeppni við prentun erlendis



BÆKUR

Niðurstöður könnunar Bókasambands Íslands á prentstað íslenskra bóka, sem birtust í Bókatiðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2001, sýna m.a. að dregið hefur úr hlutfalli prentunar hérlendis frá því í fyrra. Hlutfall prentunar erlendis er 38,3% í ár en var 33,4% í fyrra. Það eykst því um 4,9% milli ára og er það mesta aukning í fjölda ára en hlutfallið var 35,8% 1999 og 36,2% 1998. Heildarfjöldi bókartitla er 496 eða 11,9% færri en var árið 2000 en þá voru titlarnir 563.

Skodað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum. Eftirfarandi niðurstöður eru úr þeim sam-anburði:

- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 135; 59 (43,7%) prentaðar á Íslandi en 76 (56,3%) prentaðar erlendis.
- Skáldverk, íslensk og þýdd, eru 89; 52 (58,4%) prentuð á Íslandi en 37 (41,6%) prentuð erlendis.

- Fræðibækur, bækur almenns efnis, ljóð og listir eru alls 144; 120 (83,3%) eru prentaðar á Íslandi en 24 (16,7%) erlendis.
- Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 128; 75 (58,6%) prentaðar á Íslandi en 53 (41,4%) erlendis.

Prentfyrirtæki hafa lagt mikla vinnu í að hagræða í rekstri undanfarin ár og nauðsyn þess kemur æ betur í ljós. Aukning í prentun erlendis sýnir svart á hvítu þá miklu samkeppni sem íslenskar prentsmiðjur eiga í við erlendar og er það áhyggjuefni, ekki síst í ljósi þess að prentfyrirtæki hafa þurft að fækka starfsfólki verulega vegna erfiðrar verkefnastöðu og rekstrarskilyrða. Prentsmiðjustjórar segja þó hina háu vaxta-stefnu, sem rekin er hér á landi, eiga stærstan hlut í versnandi samkeppnistöðu íslenskra prentfyrirtækja en óstöðugt gengi leggi einnig lóð sitt á vogarskálarnar.

Haraldur Dean Nelson

Sandholtsbakarí fær viðurkenningu

Bakarí G. Ólafsson & Sandholt við Laugaveg í Reykjavík hlaut nýlega viðurkenningu Þróunarfélags miðborgarinnar. Þetta er viðurkenning sem félagið veitir árlega og vill með henni minna á að sífellt þarf að laga miðborgina að nýjum aðstæðum og vill vekja athygli á „starfi fyrirtækja, félaga og einstaklinga sem með frumkvæði og dugnaði leysa af hendi verkefni í miðborginni þannig að addáun vekur,“ segir m.a. í frétt frá Þróunarfélaginu.

G. Ólafsson & Sandholt hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá upphafi, í 81 ár og verið til húsa við Laugaveg 36 frá árinu 1925. Fyrir ári var ráðist í breytingar á húsnæðinu til að laga það að nýjum tímum en þess gætt að halda í og varðveita ýmsar minjar frá fortíðinni. Sem dæmi um það má nefna að útihurð verslunarinnar er hin sama og verið hefur frá upphafi og enn er notaður steinofn til baksturs en hann var hlaðinn árið 1940. Markmiðið með breytingunum var að nýta húsnæðið betur en jafnframt að tryggja að bakað yrði



Glaðbeittir vinningshafar taka við viðurkenningunni

áfram í miðborginni. Sett var upp ísgerð og innréttuð kaffistofa en þaðan má sjá inn í bakaríið og fylgjast með vinnubrögðum þar.

Samtök iðnaðarins óska Stefáni Sand-

holt, framkvæmdastjóra og eiganda G. Ólafsson & Sandholt og fjölskyldu hans hjartanlega til hamingju með verðskuldaða viðurkenningu.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Áætlun ESB – netvæðing Evrópu



Samtök iðnaðarins og Rannsóknarþjónusta Háskóla Íslands héldu nýlega kynningarfund um eContent-áætlun ESB. eContent verður starfrækt til ársins 2005 og styrkir m.a. framsæknar hugmyndir á sviði viðskipta og hins opinbera um framleiðslu, aðgengi og notkun evrópsks efnis á rafrænu formi. Áætluninni er jafnframt ætlað að efla rafræn viðskipti og gæði efnis á Netinu.

Nánari upplýsingar veiti Sigurður Guðmundsson (sigurgud@hi.is) hjá Rannsóknarþjónustu HÍ s: 525 4900 en hann er landstengiliður við eContent áætlunina. Sjá nánar á vef áætlunarinnar: cordis.lu/econtent

Guðmundur Ásmundsson



Jarðvinnuverktakar beittir bolabrögðum

Samtök iðnaðarins hafa kært útboð Vegagerðarinnar, Vestfjarðavegur: Múli-Vattarnes, sem opnað var nýlega. Meginástæða kærunnar er það ákvæði í útboðsgögnum að engar verðbætur verði greiddar fyrstu 24 mánuði verk-tímans en frá þeim tíma verða greiddar verðbætur.



Óþarft er að minna hér á að spár faga- aðila um verðlagsþróun innan ársins hafa reynst afar ótraustar að undanförmu en hér er jarðvinnuverktökum ætlað að spá fyrir um þá þróun tvö til þrjú ár fram í tímann. Þetta eru fáheyrðir skilmálar en þó er ekki öll sagan sögð því að verktökum er að auki ætlað að lána Vegagerðinni hluta sam- ningsfjárhæðar verksins vaxtalaust. Ekki er fyrirfram vitað hvernig verkið skiptist milli ára og því er að ekki unnt að segja fyrir um hver lánsfjárhæðin raunverulega verður.

Eins og kunnugt er hefur þróun verð- lags verið fyrirtækjum í mannvirkjagerð afar óhagstæð á undanförunum misserum. Ýmsir veigamiklir rekstrarliðir hafa hækkað langt umfram væntingar. Launaliðir hafa hækkað til muna svo og olía og vörur unnar úr olíu. Sama er að segja um að- keypta þjónustu. Gengisbreytingar hafa einnig haft veruleg áhrif á rekstrarkostnað þessara fyrirtækja. Verktakar hafa átt í

talsverðum erfiðleikum með að standa við gerða verksamninga enda er vitað og viðurkennt að kostnaður í þessari grein hefur hækkað mun meira en vísitölur neysluverðs og byggingarkostnaðar segja til um. Þetta alvarlega misgengi leiddi til þess að Vegagerðin og aðrir opinberir að- ilar féllust á að greiða tiltekna verðbætur á jarðvinnuverkefni fyrir á þessu ári vegna mikilla hækkana á olíuverði.

Þrátt fyrir gerbreyttar verðlagsforsendur hefur Vegagerðin ríghaldið í þá reglu, sem tekin var upp fyrir nokkrum árum, að verðbæta ekki verksamninga sem eru til skemmri tíma en tveggja ára. Það er því miður alrangt sem Vegagerðin hefur hald- ið fram að hrina verðhækkana á þessu sviði sé liðin hjá. Vegna misgengis vísitalna og kostnaðar við jarðvinnuverkefni var tekin upp ný vísitala sem mæla á betur rekstrarkostnað vinnuvéla. Þá vísitölu

reiknar Vegagerðin sjálf. Undanfarna þrjú mánuði hefur sú vísitala hækkað um 1,74% sem svarar til 7,1% verðhækkana á heilu ári. Því má svo bæta við, sem raunar er á allra vitorði, að mikil óvissa ríkti um það þegar útboðið var opnað hvort launa- lið gildandi kjarasamninga yrði sagt upp.

Vitað er að verkefnastaða jarðvinnu- verktaka er bágborin um þessar mundir. Þetta útboð ber þess glöggt vitni að Vegagerðin hyggst notfæra sér þetta erfiða ástand með afar ógeðfældum hætti og neyða verktaka til að bjóða í fyrrgreint verkefni á forsendum sem eru alls óboð- legar. Því miður hefur Kærunefnd útboðs- mála, ekki frekar en fyrri daginn, séð ástæðu til þess að taka hér í taumana enda fær nefndin ekki séð að útboðið brjóti gegn lögum um opinber innkaup nr. 94/2001. Það kann að vera rétt niðurstaða en Samtök iðnaðarins vilja engu að síður mótmæla því harðlega að opinber aðili eins og Vegagerðin beiti slíkum bolabrögðum í samskiptum við sína viðsemjendur.

Ólafur Helgi Árnason

meistarinn.is

þar sem þú finnur fagmenn!

Iðnskólafélagið stofnað



Iðnskólafélagið, hollvinafélag iðnmenntunar og Iðnskólans í Reykjavík, var stofnað 28. nóvember sl. Tilgangur félagsins er að vera bakhjarl iðnmenntunar á Íslandi, með sérstaka áherslu á starfsemi Iðnskólans í Reykjavík.

Formenn Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, Samtaka iðnaðarins, Iðnskólans í Reykjavík og 11 félaga meistara og sveina í ýmsum iðngreinum undirrituðu stofnsamþykktina við hátíðlega athöfn í Iðnskólanum í Reykjavík. Valgerður Sværrisdóttir, iðnaðarráðherra, flutti ávarp og árnaði félaginu heilla.

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík hefur haft veg og vanda af stofnun Iðnskólafélagsins í góðu samstarfi við félög meistara og sveina í ýmsum iðngreinum, Samtök iðnaðarins og Iðnskólann í Reykjavík. Iðnaðarmannafélagið beitti sér á 19. öld fyrir menntun iðnaðarmanna, stofnaði Iðnskólann í Reykjavík 1904 og byggði fyrsta húsnæðið yfir starfsemi skólans.

Samkvæmt lögum er tilgangur **IÐNSKÓLAFÉLAGSINS** þessi:



- Að vera bakhjarl iðnmenntunar á Íslandi.
- Að vera bakhjarl Iðnskólans í Reykjavík svo og annarra iðn- og verkmenntaskóla á Íslandi.

Iðnskólafélagið hyggst ná tilgangi sínum m.a. með því að styrkja starfsemi Iðnskólans í Reykjavík og annarra iðn- og verkmenntaskóla. Einnig hyggst félagið

beita sér fyrir því að koma óskum iðngreina á framfæri við yfirvöld skóla og menntamála.

Í stjórn Iðnskólafélagsins voru skipaðir: Örn Guðmundsson, formaður, (formaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík), Baldur Gíslason (skólameistari Iðnskólans í Reykjavík) og Ingi Bogi Bogason (menntafultrúi Samtaka iðnaðarins).

Fyrsti félagsfundur Iðnskólafélagsins verður haldinn þriðjudaginn 5. febrúar 2002 kl. 17-19 í Versölum, Hallveigarstíg 1. Þar verða til umræðu og ákvörðunar fyrstu verkefni Iðnskólafélagsins. Félagar Iðnskólafélagsins eru hvattir til að koma. Skráning er til 1. febrúar nk. hjá Samtökum iðnaðarins, s. 511 5555.

Ingi Bogi Bogason

Vissir þú að nafn þitt er víða auglýst?

SI hafa undanfarið ár unnið markvisst að því að kynna félagsmenn og koma grunnupplýsingum um þá inn í helstu upplýsingamiðla og gagnagrunna á Íslandi.

Nýjungin í þessu markaðsstarfi er að nokkur hundruð félagsmanna innan vébanda SI verða nú sýnilegir en voru það ekki áður. Hér er átt við félagsmenn sem reka starfsemi á eigin einkakennitölu en

hafa ekki verið sérstaklega skráðir hjá Hagstofu Íslands sem fyrirtæki í tiltekinni atvinnugrein. Þar að auki er þessi auglýsing og upplýsingamiðlun þeim með öllu að kostnaðarlausu.

Meistarinn.is er vefræn útgáfa grunn-



upplýsinga um meistara og fagmenn innan SI. Meistarinn.is hefur það að meginmarkmiði að auka aðgengi verkkaupa og neytenda að listum yfir meistara, fagmenn og þau fagfélög sem eiga aðild að SI. Einnig er þess vænst að sérhver félagsmaður njóti þeirra margföldunaráhrifa sem kynningar hvers fagfélags á hverjum tíma skila sér í aukinni aðsókn verkkaupa og neytenda á vefinn.



Landssamband bakameistara reið á vaðið og hefur frá því í haust birt auglýsingar í sjónvarpi og útvarpi um hin ýmsu átaksverkefni sín en jafnframt vísað fólki á Meistarinn.is til að finna næsta nærliggjandi bakari innan vébanda sambandsins. Auk þess, og að frumkvæði Málara-meistarafélags Reykjavíkur, er í gangi umfangsmikil auglýsingaherferð í sjónvarpi, kvikmynda-húsum borgarinnar og víðar um meistara þess félags og Meistarinn.is.




Félag íslenskra gullsmiða og Félag pípu-lagningameistara hafa ákveðið að taka þátt í þessu verkefni og eru byrjuð að kynna félagsmenn sína á vefnum. Þaðan eru einnig tengingar inn á íslenska framleiðendur innan SI í viðkomandi atvinnugrein.

Gera má ráð fyrir að fleiri meistarar, fyrirtæki og fagfélög taki þátt í þessu markaðsstarfi og að vefurinn eflist dag frá degi. Nú þegar nema heimsóknir á vefinn nokkrum hundruðum í hverri viku.

Brynjar Ragnarsson markaðsstjóri
Netfang brynjar@si.is

Meðal miðla sem taka þátt í þessu markaðsstarfi SI eru:

Íslensk fyrirtæki	Væntanleg bók	2002
Íslensk fyrirtæki	Vefurinn www.finna.is	2001+
Iceland Export Directory	Bók og vefur	2002
Miðlun / Gula línan	Sími, bók og vefur	2001+
Skerpla / Sjómannaalmanak	Bækur, vefir, CD	2002
Meistarinn.is	Vefur innan SI	2001+



CONSTRUCT NORTH

HÖNNUN, TÆKNI OG MANNVIRKJAGERÐ Á NORÐURSLÓÐUM

Málþing og fagsýning 28. febrúar til 3. mars 2002

Grand Hótel Reykjavík - Laugardalshöll

**FYRIRTÆKI INNAN SI ATHUGIÐ:
FORGANGSSKRÁNING ÞÁTTTÖKU ER HAFIN**

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu SI
í síma 511 5555. Einnig er hægt að senda
fyrirspurnir á netfangið brynjar@si.is





Auknar álögur á hús- byggjendur

Reykjavíkurborg hefur nýverið samþykkt nýja gjaldskrá fyrir úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi gefur út. Gjaldskráin er sett með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Í 1. gr. gjaldskrárinnar segir: „Fyrir úttektir, vottorð og íbúðarskoðanir sem gerð eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Reykjavík, skal byggingarfulltrúinn í Reykjavík í umboði borgarstjórnar innheimta úttekta-, vottorða- og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.“ Hér er átt við gjald fyrir áfangaúttektir, stöðuúttektir, lokaúttektir, meistaraskipti, byggingarstjórnarskipti, fókheldisvottorð, verkstöðu og lokaúttekt. Gjöldin eru mismunandi eftir því hvert viðvikið er, frá 4.500 krónum í 14.000 krónum Gjaldskráin, sem tók gildi 1. desember sl., leiðir til þess að nokkur auka-kostnaður fellur á húsbyggjendur. Sem dæmi má taka að sé byggingarfulltrúi kallaður einu sinni í allar áfangaúttektir, sem skilgreindar eru 48. gr. í byggingarreglugerð nr. 441/1998, getur gjaldið fyrir þær orðið allt að 76.000 krónum.

SI vekja athygli félagsmanna sinna, sem eru að byggja og selja á Reykjavíkursvæðinu, á þessa breytingu og að hægt er að fá gjaldskrána hjá SI. Áhugasamir hafi samband við Eyjólf Bjarnason á skrifstofu SI í síma 511 5555 eða á veffangið eyjolfur@si.is.



*minna félagsmenn sína á afsláttinn sem þeir njóta hjá EJS.
Um er að ræða 20% afslátt af tölvum og fylgihlutum, netbúnaði
rekstrarvörum og hugbúnaði (öðrum en samningsbundnum).*

Fartölvutilboð EJS



Dell Inspiron 2500

Dell Inspiron 2500 hefur allt til að bera sem þrýðir góða fartölvu. Þar má m.a. nefna innbyggt mótald, hljóðkort og hátalara, **Lithium-ion** rafhlöðu og kristaltærann 15" XGA TFT skjá.

Nú á einstöku tilboðsverði:

Inspiron 2500

Vörunúmer: INSP2500-06

- + Intel Pentium III 1GHz
- + 256 MB (2x128MB) vinnsluminni
- + 8x DVD drif
- + 20GB diskur
- + 15" XGA TFT skjár
- + Innbyggt hljóðkort
- + Innbyggt 56k V.90 mótald
- + Innbyggt 10/100 netkort
- + Windows XP Home
- + 2ja ára ábyrgð

Tilboðsverð m/vsk
234.400,-

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast



Hafðu samband við söludeild EJS í síma: 563 3000

Við leitum að ört vaxandi íslenskum fyrirtækjum sem vilja samanburð og viðurkenningu á alþjóðavettvangi



**Vex fyrirtæki þitt hraðar en keppinautanna?
Er samanburður við aðra þér að skapi?
Stenst fyrirtæki þitt gagnrýna skoðun?**

Ef svo er gæti þitt fyrirtæki verið í hópi
500 framsæknustu frumkvöðlafyrirtækja í Evrópu.

**Vilt þú njóta opinberrar viðurkenningar
sem einn af helstu frumkvöðlum í Evrópu?**

Samtök iðnaðarins, iðnaðarráðuneytið, Europe Unlimited og
Growth Plus efna á ný til samvinnu um aðild Íslands að
Europe's 500 og er undirbúningur hafinn að gerð
fyrirtækjalista fyrir árið 2002.

Hverjir geta verið með?

Fyrirtæki úr öllum atvinnugreinum koma til álita.
Skilyrði er að fyrirtækið vaxi hratt, hafi minnst 50 starfsmenn
og að frumkvöðullinn taki virkan þátt í rekstrinum.

Fyrirtæki sem náðu á listann 2001:

OZ.com, Tölvumyndir hf., Bakkavör Group, Delta hf.,
Kögun ehf., Opin Kerfi hf. og GoPro Landsteinar hf.

Þátttökuskilyrði í hnotskurn:

Eignarhluti frumkvöðuls:	Minnst 15% í óskráðu fyrirtæki en 5% í skráðu fyrirtæki.
Sjálfstæði:	Hvorki útibú né dótturfélag annars fyrirtækis, þ.e. enginn hluthafi má eiga meira en 50%.
Umsvif:	Umtalsverð velta og vöxtur tekna minnst 50% frá 1996 - 2001.
Vöxtur:	Eigin vöxtur ekki tilkominn vegna kaupa á öðrum félögum.
Arðsemi:	Góðri arðsemi þegar náð eða hún í sjónmáli.
Starfsmannafjöldi:	Minnst 50 starfsmenn.
Aldur fyrirtækis:	Minnst þriggja ára.
Tegund fyrirtækis:	Úr öllum atvinnugreinum, jafnt skráð sem óskráð fyrirtæki.

Hvernig á að taka þátt?

Ábendingar um fyrirtæki
sem uppfylla þátttökuskilyrði
þarf að senda Samtökum iðnaðarins
eða Europe Unlimited SA
fyrir 1. febrúar 2002.



Jón Steindór Valdimarsson
Netfang jon@si.is

Europe Unlimited SA

Alkiviadis Papacharisis
Project Manager
Sími +322 643 71 76
Fax +322 644 65 81
Netfang alkiviadis@e-unlimited.com